

Fundargerð

261. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
þriðjudaginn 18 desember 2018 kl. 12¹⁵ – 14¹⁵.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) fjarverandi Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) fjarverandi Dagbjört V. Birgisdóttir (DVB) vm (LÓ) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HPH) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Glerumbúðir
- (3) Plast
- (4) Hjólbarðar
- (5) Þjónustuaðili
- (6) Úrvinnslusjóður
- (7) Fundaáætlun
- (8) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (260. fundar).

Samþykkt

2. Glerumbúðir

Framhaldið var umræðum frá síðasta fundi og lagt var fram erindi frá UAR um glerumbúðir. Þar er óskað eftir að Úrvinnslusjóður vinni tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum um úrvinnslugjald, sem feli í sér að sett verði sérstakt úrvinnslugjald á umbúðagler. Lagt er fram afrit af bréfi sem Endurvinnslan sendi til UAR um málið.

ÓK fór yfir tillögu að efnisatriðum svarbréfs til ráðuneytisins. Stjórnarmenn ræddu væntanlegt svarbréf. Einnig hvort að núverandi endurnýting á gleri dugi sem meðhöndlun eða þarf að senda allt til endurvinnslu í útlöndum, sem er töluvert dýrari leið en endurnýting sem frostfrítt efni.

Ákveðið að geyma umræðu um lið 3 og fara í lið 4 -7

3. Plast

Meðfylgjandi eru tillögur að aðgerðaráætlun í plastmálefnum sem samstarfsvetvangur afhenti ráðherra fimmtudaginn 1. nóvember 2018.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c0687ce4-dde1-11e8-942e-005056bc4d74>

SL *Aleif bj* *16*

Lagðar voru fram umsögn SI, SVÞ, SAF, SFS, SA sem og umsögn SÍS um tillögu að aðgerðaráætlun í plastmálum.

Frestað.

4. Hjólbarðar

ÓK fór yfir að á stjórnarfundi 23.maí 2018 var samþykkt að greiða tímabundið, til ársloka 2018, hærra endurgjald til þjónustuaðila fyrir endurvinnslu hjólbarða hjá viðurkenndum ráðstöfunaraðila.

ÓK sagði frá því að töluvert magn hjólbarða hefur frá því í sumar verið flutt út til endurvinnslu auk þess sem fulltrúi endurvinnslufyrirtækisins hefur heimsótt Ísland og rætt við þjónustuaðila og Úrvinnslusjóð.

ÓK ræddi um yfirstandi athugun á örplasti frá sigvatni á urðunarstað í Álfnesi. Engin niðurstaða er komin. Stjórnarmenn ræddu stöðuna.

Stjórn samþykkir að ákvörðunin um endurgjald vegna endurvinnslu hjólbarða 58 kr/kg verði framlengd um eitt ár eða til og með 31. desember 2019.

5. Þjónustuaðilar

Lögð var fram umsókn frá PNR um að gerast þjónustuaðili vegna meðhöndlunar á heyrúlluplasti.

Samþykkt.

6. Úrvinnslusjóður

Farið var yfir stöðu mála er varðar ársreikning Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins. GGÞ lýsti yfir óánægju með að enn er ekki hægt að skrifa undir ársreikning og vísaði til fyrri umræðu um málið. Grundvallarbreyting verði á rekstri Úrvinnslusjóðs gangi ætlanir eftir um að úrvinnslugjald verði ekki lengur markaðar tekjur, heldur almennur skattur innheimtur af ríkissjóði. Óljóst verður um framkvæmd framleiðendaábyrgðar og fullnustu hennar fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda vara, samkvæmt tilskipunum ESB, um meðhöndlun úrgangs. Engin niðurstaða er komin í málið. HPH hefur efasemdir um umboð stjórnar ÚS til að taka ákvárdanir á meðan enn er óljóst um meðferð úrvinnslugjalds innan stjórnsýslunnar. Stjórn ræddi stöðu framleiðendaábyrgðar miðað við núverandi ástand.

ÓK falið að hafa samband við Ríkisendurskoðun og kanni hvernig vinnu við ársreikning fyrir árið 2017 gangi.

7. Fundaáætlun 2019

Lagt er til að fyrsti fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs verði þriðjudaginn 8.janúar 2019 kl. 12:15-13:30

Á fundinum var lögð fram fundaáætlun fyrir janúar – júlí 2019.

Samþykkt

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 8. janúar 2019. Fundi slitið kl. 14.15

*Bjarni G. Guðmundsson
Gerdur S. Þórhildur
B. Jónusen* *Gisli E. Guðafson*